

Nd.

7. Frumvarp til laga

[7. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10/1961.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson,
Magnús H. Magnússon.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Seðlabankans er almanaksárið. Ársreikningar bankans skulu samdir svo fljótt sem auðið er eftir árslok. Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

- Heildarlaunagreiðslur.
- Föst yfirvinna.
- Önnur yfirvinna.
- Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

II. Bifreiðakostnaður:

- Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
- Notkun bílaleigubifreiða.
- Notkun leigubifreiða.
- Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:

- Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
- Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:

- Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
 - Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.
- Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:

- Húseignir, lóðir og lendur.
- Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
- Bifreiðar.
- Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

- Keypt og byggt á árinu.
- Selt á árinu.
- Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
- Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

Að lokinni endurskoðun skulu ársreikningar staðfestir af bankaráði og úrskurðaðir af ráðherra. Skulu reikningarnir síðan birtir í ársskýrslu bankans og Stjórnartíðindum. Bankinn skal enn fremur birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 26. apríl 1982 voru samþykkt lög um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

Tilgangur þeirra laga var að ná fram virkara aðhaldi og eftirliti með fjármunum ríkisins og framkvæmd fjárlaga.

Þar sem þau lög ná ekki til ríkisbankanna er nú lagt til í frumvarpi þessu um Seðlabanka Íslands, auk frumvarpa sem samhliða eru lögð fram um breyting á lögum annarra ríkisbanka, að breyting verði gerð á þeim lögum til að tryggja einnig ítarlegri reikningsskil á ýmsum þáttum í rekstri ríkisbankanna.

Í ársreikningum bankanna nú er nokkuð mismunandi hvernig sundurliðun þeirra þátta er háttáð sem í þessu frumvarpi er lagt til að lögfest verði að sérstaklega beri að gera grein fyrir.

Svo virðist þó í ársskýrslum bankanna að þeir fjórir rekstrarþættir, sem lagt er til í frumvarpinu að sundurliðaðir verði sérstaklega, þ. e. a. s. launagreiðslur, bifreiða-, risnu- og ferðakostnaður, komi fram aðeins undir einum lið — rekstrarkostnaður — án nokkurrar sundurliðunar. Undanskilja ber þó Útvegsbankann þar sem sérstaklega kemur fram kostnaður vegna launa, launatengdra gjalda og hins vegar annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Varðandi reikningsskil á fjármunamyndun kemur ekki nægjanlega skýrt fram sundurliðun á lausum og föstum fjármunum eða að uppgjör bankanna gefi glögga mynd af áhrifum einstakra þátta í eignabreytingu á reikningsskil og hag bankanna, svo sem sundurliðun afskrifta eða endurmats á þá þætti efnislegra fjármuna sem hér er lagt til að sundurliðaðir verði.

Benda má einnig á að um ýmsar þær upplýsingar, sem hér er lagt til að fram komi á ári hverju í reikningsskilum bankanna, er öðru hverju beðið í fyrirspurnum alþingismanna hér á Alþingi, enda eru þessar upplýsingar nauðsynlegur liður í aðhaldi og eftirliti ekki síður hjá bönkunum en öðrum ríkisstofnunum.